

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 16.11.2023

Varðar: Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, 50. mál.

STEF getur að mörgu leyti tekið undir þau sjónarmið sem að fram koma í greinargerðinni með ofangreindu frumvarpi og þá sérstaklega þau rök að ferlið í kringum úthlutun heiðurslauna hafi verið ógagnsætt og að lítið færi fyrir hlutlægu mati á framlag þeirra sem til greina komu að hljóta þessa upphæfð. Í því ljósi er STEF ekki mótfallið því að fella úr gildi lög um heiðurslaun listamanna.

Hins vegar finnst STEFi mikilvægt að þeim fjármunum sem kunna að sparast í framtíðinni við það að heiðurslistamönnum fækki á listanum verði áfram varið innan þessa málaflokks s.s. á þann hátt að auka greiðslur til starfslauna listamanna skv. lögum um listamannalaun nr. 57/2009.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri